

Föstudaginn 26. apríl 1974.

Nr. 28/1972: Skarphéðinn Veturliðason

(Jón Finnsson hrl.)

gegn

Erlingi Garðarssyni

(Guðjón Styrkársson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. febrúar 1972. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 64.772.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa matsmenn, er leystu af hendi mat það, sem rakið er í héraðsdómi, komið fyrir dóm. Staðfestu þeir undirskrift sína undir yfirlýsingu, er þeir gáfu sameiginlega hinn 8. mars 1973, þar sem lýst er ástandi vélar bifreiðarinnar og staðhæft, að „um úrbræðslu var ekki að ræða á viðkomandi vél.“ Þá kom áfrýjandi og fyrir dóm, og kvaðst hann hafa skipt að jöfnu á bifreið þeirri, R 22858, síðar R 1881, er mál þetta varðar, hinn 10. júlí 1971 og hafi verð bifreiðanna verið talið kr. 80.000.00—100.000.00.

Héraðsdómur var skipaður meðdómsmönnum, sem eru bifvélavirkjameistarar og sérfróðir um bifreiðar og bifreiðaviðgerðir. Áfrýjandi hefur eigi fyrir Hæstarétti aflað fyllri gagna um orsök vélarbilunarinnar en að framan greinir, þótt honum hafi verið veittur kostur á því, þ. á m. skýrslna starfsmanna bifreiðaverkstæðisins Ræsis, en þar var vélin tekin sundur og gert við hana. Þykir að svo vöxnu máli verða að miða við það, að vélin hafi eigi verið gölluð, er áfrýjandi veitti henni viðtöku, svo sem héraðsdómur telur, sbr. 44.

gr. laga nr. 39/1922. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir öllum atvikum máls þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Mál þetta var dæmt með samdómendum í héraði. Annar samdómandinn var kvaddur til setu í dómi hinn 10. júní 1970. Voru þá teknar dómskýrslur af matsmönnum, aðiljum máls og vitninu Hákonni Leifssyni. Á dómþingi 26. maí 1971, sem dómsformaður háði einn, kom fyrir dóm stefnandi í héraði og gaf skýrslu. Hinn samdómandinn var kvaddur til setu í dómi 19. nóvember 1971, þegar munnlegur málflutningur fór fram, og stóðu samdómendur ásamt dómsformanni að dóm-inum, sem kveðinn var upp á dómþingi 26. nóvember 1971. Kvaðning beggja samdómenda á að fara fram á sama tíma, sbr. 201. gr. laga nr. 85/1936, sem hér á við fyrir lögjöfnun, og gæta ber síðan ákvæða 205. gr. sömu laga, sem hér verður beitt fyrir lögjöfnun, um dómsetu þeirra. Eru þessir dóm-skaparannmarkar aðfinnsluverðir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Kópavogs 26. nóvember 1971.

Mál þetta, sem að afloknum munnlegum málflutningi var dóm-tekið þann 19. þ. m., hefur Skarphéðinn Veturliðason höfðað með stefnu, dags. 4. febrúar 1970 og birtri 10. s. m., gegn Erlingi Garð-arssyni, Hávegi 7, Kópavogi, til greiðslu á kr. 64.772.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 1. desember 1969 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi hefur krafist sýknu, nema hvað hann viðurkennir kr. 750.00, sem er kröfuliður um afnotagjald útvarps. Hann krefst málskostnaðar að mati réttarins.

Sáttatilraunir hér fyrir réttinum hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Í októbermánuði árið 1969 ákvað stefndi máls þessa að selja bifreið sína R 22858, sem er af Benz 319 gerð, árgerð 1961. Fór hann í því skyni til nokkurra bílasala í Reykjavík. Laugardaginn 18. október höfðu tveir menn samband við stefnda út af bifreið-

inni. Voru það stefnandi málsins, Skarphéðinn Veturliðason, og Hákon Leifsson, samstarfsmaður hans. Skoðuðu þeir bifreiðina og leist þeim ágætlega á hana. Að kvöldi þessa dags ákvað stefnandi að festa kaup á bifreiðinni. Kaupverðið var ákveðið krónur 180 þúsund. Voru kr. 104 þúsund greiddar með tékka, kr. 20 þúsund með víxlum, og stefndi fékk jeppa upp í afganginn, sem var u. þ. b. kr. 60 þúsund.

Þremur dögum síðar voru málsaðiljarnir kvaddir á Bílasölu Guðmundar, og var þá gengið frá afsali og sölutilkynningu á ný, þar sem Guðmundur taldi sig eiga að fá sölulaun.

Um kvöldið þennan dag tók stefndi eftir því, að vélin var orðin tæp með olíu, þótt skipt hefði verið um olíu og síu þá um morguninn. Þegar vélin var athuguð í Ræsi, var stefnanda tjáð, að mjög varhugavert væri að aka bifreiðinni vegna ástands vélarinnar. Þann 31. október s. á. fór lögmaður stefnanda fram á útnefningu tveggja matsmanna. Voru þann sama dag kvaddir til matsins þeir Bent Jørgensen og Sigurgestur Guðjónsson bifvéla-virkjameistarar. Þann 7. nóvember fór fram mat á göllum á vél bifreiðarinnar R 22858 á verkstæði Lárusar Guðmundssonar, Skúlagötu 59, Reykjavík, að viðstöddum lögmanni stefnanda og stefnda.

Í matsgerðinni er tekið fram, að vélin sé mjög slitin og sumir hlutir ónothæfir, svo sem sveifarás, stimplar mjög slitnir og hringir brotnir á þeim og legur mjög slitnar. Telja matsmenn, að endurbyggja þurfi vélina og muni sú viðgerð kosta kr. 49.572.00.

Stefnufjárhæðina sundurliðar stefnandi svo:

1. Viðgerðarkostnaður við endurbyggingu vélar samkvæmt matsgerð, kr. 49.572.00, en stefnandi telur, að vélin hafi verið gölluð, er hann tók við henni. Matskostnaður og dómkvaðning matsmanna kr. 4.450.00.
2. Afnotamissir bifreiðarinnar í 20 daga, kr. 10.000.00, þ. e. 500.00 krónur fyrir hvern dag.
3. Afnotagjald útvarps kr. 750.00, eða fyrir þann hluta ársins, sem stefndi átti bifreiðina.

Stefndi hefur viðurkennt kröfulið nr. 3 sem réttan, en krefst sýknu af öðrum kröfuliðum, en til vara, að matsgerðin verði ekki lögð til grundvallar.

Skýrslur aðilja og vitna.

Stefnandi máls þessa, Skarphéðinn Veturliðason, kom fyrir dóm þann 10. júní 1970. Skýrði hann svo frá, að hann hefði fengið upplýsingar um bifreiðina R 22858 hjá Guðmundi bílasala í Reykjavík. Hefði hann farið ásamt Hákon Leifssyni að skoða bifreiðina.

Kveður stefnandi, að stefndi hafi aðspurður skýrt sér svo frá, að vél bifreiðarinnar væri u. þ. b. hálfslitin, væri hún að hans áliti keyrð ca. 60 þús. km og smyrði 20—30 í hægagangi, en 40—50 í akstri. Stefnandi kveður, að hann hafi eigi reynt bifreiðina í akstri, en hins vegar hafi vélin verið gangsett. Stefnandi kveður, að gengið hafi verið frá kaupunum að fullu mánudaginn 20. október 1969.

Stefnandi kveðst hafa notað bifreiðina í þrjá daga, en þá var gengið frá afsali og sölutilkynningu á ný hjá Guðmundi bílasala í Reykjavík. Að kvöldi þessa dags kvaðst stefnandi hafa tekið eftir því, að vél bifreiðarinnar var orðin tæp með smurolíu, en einmitt þennan sama dag um morguninn hefði verið skipt um smurolíu og síur. Varð stefnanda nú ljóst, að eitthvað alvarlegt hlyti að vera að vélinni, og kvaðst hafa haft samband við stefnda um næstu helgi, og var Hákon Leifsson með. Spurðu þeir stefnda nánar um vélina og hefði hann sagt þeim, að hann héldi, að vélin hefði verið yfirfarin í Ræsi og því væri best að snúa sér þangað. Aðspurður kveður stefnandi, að stefndi hafi alls ekki verið viss um, hvort vélin hefði verið yfirfarin eða ekki, en ef svo hefði verið, hélt hann, að það hefði verið gert í Ræsi. Stefnandi kveðst hafa lagt að stefnda, að kaupin gengu til baka, en stefndi kvaðst ekki geta það. Aðspurður kveðst stefnandi hafa verið sendibílstjóri í 12 ár, en hafi aldrei áður ekið dieselbifreið og hefði enga reynslu af þeim. Stefnandi kveðst alls ekki hafa misbeitt vélinni né reynt óeðlilega mikið á hana þessa þrjá daga, sem hann notaði bifreiðina. Mánudaginn eftir að rætt var við stefnda, kveðst stefnandi hafa farið með bifreiðina á verkstæði Ræsis og verkstjórinn þar tjáð sér eftir stutta skoðun, að mjög varhugavert væri að aka bifreiðinni nokkuð. Bifreiðin var þá skilin eftir við verkstæðið, en ekki var hægt að taka hana strax til viðgerðar.

Vitnið Hákon Leifsson, Mosgerði 11, Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn og borið vitni. Það kveðst hafa farið með stefnanda að skoða bifreiðina R 22858 í október 1969. Vitnið kveðst hafa spurt stefnda, hvernig vélin smyrði, og stefndi svarað því til, að vélin smyrði 20—30 í hægagangi, en 40—60 í akstri. Við gangsetningu hefði þrýstingsmælir vélarinnar sýnt hæsta þrýsting, enda köld og nýgangsett. Vitnið kveðst ekki hafa merkt annað en að ganghljóð vélarinnar væri eðlilegt.

Vitnið kveður nánar aðspurt, að stefndi hafi tjáð þeim, að vélin væri nýkomin úr annarri bifreið og væri ekin u. þ. b. 60 þúsund km. Vitnið kveður, að þar sem þeim stefnanda leist vel á

bifreiðina og treystu orðum stefnda um ástand vélarinnar, hafi kaupin verið ákveðin, án þess að bifreiðin yrði reynd í akstri. Aðspurt kveðst vitnið vera sendibílstjóri að atvinnu og hafi átt og eigi reyndar nú bifreið af sömu gerð og R 22858. Vitnið kveður stefnanda hafa tekið við bifreiðinni milli kl. 2 og 4 síðdegis mánuðaginn 21. október. Það kveðst vita, að Guðmundur bílasali kallaði aðiljana til sín nokkru síðar til þess að ganga frá nýju afsali vegna sölulauna, er hann átti að fá. Vitnið kveðst hafa talið kaupverðið kr. 180 þúsund sanngjarnt verð.

Stefndi kom fyrir rétt þann 10. júní 1970. Skýrði hann fyrst frá því, að stefnandi og vitnið Hákon Leifsson hefðu komið að skoða bifreið sína R 22858 á laugardegi í október 1969 með hugsanleg kaup í huga. Kveður stefndi, að stefnanda hafi litist svo vel á bifreiðina, að hann hafi helst viljað ganga frá kaupunum á staðnum, en þar sem stefndi vissi engin deili á þessum mönnum, hafi verið ákveðið, að þeir töluðust við daginn eftir. Stefndi kveður, að hann hafi verið spurður um vélina og hvernig hún smyrði og hann hafi svarað því til, að hún smyrði 10—15, en í bifreiðinni var þrýstingsmælir úr Dodge Weapon. Stefndi kveðst hafa skýrt frá því, að vél bifreiðarinnar hafi verið sett notuð í hana og hefði þá verið ekin um 25—30 þúsund km, að því er stefnda var tjáð, en síðan hefði hann ekið henni í u. þ. b. 8 mánuði. Stefndi kveður stefnanda ítrekað hafa spurt sig, hversu mikið bifreiðin væri keyrð, en hann hafi ekki getað skýrt frá því með neinum tölum, þar sem hraðamælirinn var óvirkur, en sagði, að sér hefði verið sagt, að hún væri ekin 25—30 þúsund km og síðan hefði hann notað hana í u. þ. b. 8 mánuði. Stefndi kveðst einnig hafa skýrt frá því, að hann hafi látið skipta um ventla og slípa ventlasæti hjá diesilverkstæðinu Boga í Reykjavík um 2 mánuðum áður. Tveimur til þremur dögum eftir að kaup þeirra stefnanda fóru fram, var stefndi staddur á Bílasölu Guðmundar í Reykjavík og var spurður, hvort maður hefði komið að athuga með Benz bifreiðina. Játtaði stefndi því, og að beiðni bílasalans kallaði stefndi á stefnanda, og gengið var frá nýju afsali á bílasölunni.

Stefndi kveður, að u. þ. b. viku eftir að kaupin voru gerð, hafi stefnandi komið á bifreiðinni og kvartað um, að vatnið tyldi ekki á vélinni. Hefði hann viljað láta kaupin ganga til baka, en stefndi gat ekki gengið að því, þar sem hann hafði ráðstafað allmiklu af kaupverðinu. Hann kveðst hafa boðið stefnanda vél, sem hann átti og var ný, en sveifarásinn var brotinn í, eða þá kaupin gengju til baka með þeim hætti, að stefndi léti stefnanda fá víxla í stað

peninga, en á þetta hafi stefnandi ekki fallist. Stefndi kveður aðspurður, að vélin, er hann bauð stefnanda, hafi verið endurbyggð fyrir 40 þúsund krónur og verið sett í bifreiðina, en sveifarásinn hafi brotnað strax á fyrsta degi og þá hafi stefndi keypt þá vél, er fylgdi bifreiðinni í sölunni.

Mat og skoðun.

Hinn 31. október 1969 dómkvaddi Bjarni K. Bjarnason, borgardómari í Reykjavík, þá Bent Jörgensen bifvélavirkjameistara og Sigurgest Guðjónsson bifvélavirkjameistara til að meta, hvað kosta muni að gera við galla á vélinni, en þeir séu m. a. slitnar legur, ónýtur sveifarás, ónýtir stimplar og leki með headpakkningu.

Matsgerð matsmannanna er dagsett 10. nóvember 1969, og að loknum inngangsorðum hljóðar matsgerðin svo:

„Við skoðun kom í ljós, að vélin var mjög slitin og sumir hlutar hennar ónothæfir, svo sem sveifarás, sem búið var að renna áður, stimplar mjög slitnir og hringir brotnir á þeim og legur mjög slitnar.

Er skoðun fór fram, var búið að bora mótorblokkina og setja í hana slifar, þar sem hún hafði verið boruð það mikið áður. Þarf því að endurbyggja vélina að fullu.

Mat yfir viðgerðina fer hér á eftir og sundurliðast þannig:

Efni	kr. 30.192.00
Vinna	— 19.380.00
Samtals	kr. 49.572.00“

Matsmenn komu fyrir dóminn þann 10. júní 1970 og skýrðu matið nánar og staðfestu það.

Vitnið Sigurgestur Guðjónsson bifvélavirkjameistari, Hrauntungu 47, Kópavogi, kvaðst staðfesta efni matsgerðarinnar sem rétt í alla staði eftir bestu þekkingu og samvisku. Aðspurt kveður vitnið, að þegar viðgerðinni, sem matið nær til, verði lokið, muni vélin verða nýuppbyggð (endurbyggð). Taldi vitnið, að slík vél gæti ekki talist sambærileg né jafngóð og ný vél. Vitnið kveður vélina hafa verið sundurtekna, er matsmenn skoðuðu hana. Vitnið kveðst ekki hafa séð nein merki þess, að vélin hafi verið nýfirfarin eða nýuppgerð.

Vitnið Bent Jörgensen bifvélavirkjameistari, Háaleitisbraut 89, Reykjavík, kvaðst staðfesta efni matsgerðarinnar sem rétt í alla

staði eftir bestu þekkingu og samvisku. Aðspurt sagði vitnið, að sitt álit væri, að vélin yrði jafngóð og sambærileg vél, þegar viðgerð sú, sem í matsgerðinni greinir, hefði verið framkvæmd. Vitnið kveðst ekki hafa séð nein merki þess, að vélin væri nýyfirfarin.

Rökstuðningur.

Stefnandi styður kröfulið nr. 1, sem jafnframt er stærsti kröfuliðurinn, þeim rökum, að vélin hafi við kaupin verið gölluð og komin á síðasta snúning, enda hafi athugun á verkstæði sýnt, að hún var algerlega ónothæf.

Stefnandi telur, að hann eigi að fá greiddar skaðabætur, kr. 49.572.00, en það er viðgerðarkostnaður vélarinnar samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi ekki haft svik í frammi við söluna né leynt stefnanda neinu um ástand vélarinnar. Hann hafi þvert á móti sagt honum frá ástandi hennar. Auk þess hafi kaupandi haft bifreiðina undir höndum í 2—3 daga, áður en afsal var gefið út endanlega, og hlyti hann því að vera sérstaklega búinn að kynna sér ástand bifreiðarinnar. Eins hafi stefndi boðið stefnanda að láta kaupin ganga til baka eða láta notaða vél fylgja í kaupbæti. Hafi stefndi gert boð þetta umfram skyldu sína og án nokkurra síðari skuldbindinga.

Til vara mótmælir stefndi stefnufjárhæðinni sem allt of hárrí, enn fremur mótmælir hann, að matsgerðin sé lögð til grundvallar, því þar sé gengið út frá því, að vélin verði sem ný, og telur stefnandi ekki sanngjarnt né hægt að ætlast til þess, að seljandi fái nýja vél með tíu ára gamalli bifreið.

Um kröfulið nr. 2 tekur stefnandi fram, að hann hafi misst afnot bifreiðarinnar, sem hann ætlaði sér að aka af sendibílastöð, í tuttugu daga, en það var tíminn, sem tók að gera við vélina. Tjón sitt af þessum sökum sé 10 þúsund krónur, þ. e. 500 krónur á dag, sem muni vera vægt reiknað.

Stefndi krefst sýknu af þessum kröfulið og styður þá sýknukröfu sína sömu rökum og hér að framan greinir um kröfulið nr. 1.

Um kröfulið nr. 3 er ekki ágreiningur, þar sem lögmaður stefnda hefur viðurkennt þennan kröfulið.

Álit dómsins.

Stefnandi málsins telur, að vélin hafi verið gölluð, er kaupin fóru fram. Hann þorir ekki að fullyrða, að svikum hafi verið beitt, en telur, að hér hafi verið um leyndan galla að ræða. Samkvæmt gögnum málsins telur dómurinn, að stefndi hafi eigi sagt rangt til um ástand vélarinnar, þannig að um svik sé að tefla.

Stefnandi málsins hefur sjálfur skýrt frá því fyrir réttinum, að hann hafi haft undir höndum og notað bifreiðina R 22858 í þrjá daga, áður en gengið var frá endanlegu afsali. Á þessum tíma virðist vélin ekkert hafa verið athugaverð, því stefnandi hafði engar athugasemdir fram að færa, er afsalið var undirritað á Bíla-sölu Guðmundar þann 21. október 1969. Vitnið Hákon Leifsson hefur borið, að það hafi eigi merkt annað en að ganghljóð bifreiðarinnar væri eðlilegt laugardaginn 18. október 1969, þegar það skoðaði bifreiðina. Eigi hefur komið fram, að bifreiðin hafi verið orðin tæp með olíu að morgni þriðjudagsins 21. október 1969, er skipt var um smurolíu og síur. Hins vegar hefur stefnandi skýrt frá því, að um kvöldið þennan dag, hafi vélin verið orðin tæp með smurolíu. Hafi honum þá fyrst orðið ljóst, að eitthvað athugavert og alvarlegt væri að vélinni.

Þá er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að ástand vélarinnar, er matið fór fram, hafi verið slíkt, að um svokallaða úrbræðslu væri að ræða og gallarnir á vélinni stafað frá úrbræðslu. Slík úrbræðsla gerist á skömmum tíma, en ekki mörgum dögum, og hafi hún því hlotið að eiga sér stað, eftir að stefnandi tók við bifreiðinni. Samkvæmt framansögðu þykir ljóst, að ósannað sé með öllu, að vél bifreiðarinnar R 22858 hafi verið gölluð, er stefnandi tók við henni.

Við munnlegan málflutning beindi lögmaður stefnanda þeirri fyrirspurn til hinna sérfróðu meðdómsmanna, hvort einhver efni, sem séu í smurolíu eða bætt sé á vél ásamt olíu, kunni að hafa áhrif á slit vélarinnar.

Fyrirspurninni svara meðdómsmennirnir svo, að þeir hafi séð dæmi þess, að bætiefni hafi áhrif á slit véla, og þeir telja ýmis bætiefni varhugaverð og nota þau ekki sjálfir. En þar sem engar upplýsingar eru fram komnar um, að slík efni hafi verið á vélinni, er eigendaskipti áttu sér stað, telja meðdómsmennirnir óþarft í þessu máli að tjá sig frekar um fyrirspurnina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður aðeins þriðji kröfuliður stefnanda tekinn til greina og stefndi sýknaður af öðrum kröfuliðum. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 750.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt. að málskostnaður falli niður.

Hjalti Zóphóníasson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt Leifi Eiríkssyni bifvéla-virkjameistara og Péttri Maack Þorsteinssyni bifvéla-virkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Erlingur Garðarsson, greiði stefnanda, Skarphéðni Veturliðasyni, krónur 750.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Priðjudaginn 30. apríl 1974.

Nr. 72/1974: Jörundur Á. Guðlaugsson og Páll Ásgrímsson
 gegn
 Herði Ólafssyni.

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Einar Arnalds.

Kærumál. Frestur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1974, er barst dóminum 5. apríl s. á. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að veittur verði frestur sá til yfirheyrslu varnaraðilja og vitna, sem synjað var um með úrskurði héraðsdóms. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð Lagaheimild skortir til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 1. j, laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti. Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.